

Samþykktir um vöru- og þjónustuskripti milli viðskiptaaðila Viðskiptanetsins hf.

1.gr. Samningsaðilar

Viðskiptanetið hf., hér eftir nefnt VN, er fyrirtæki sem heldur utan um vöruskiptabókhalda viðskiptaaðila sinna og miðlar upplýsingum um möguleg vöruskipti til þeirra. Fyrirtæki eða einstaklingur sem undirritar samþykktir þessar er nefndur viðskiptaaðili í samþykktunum. Viðskiptaaðili skuldbindur sig til að nota VN í vöruskiptum við aðra viðskiptaaðila VN. Viðskiptaaðilar VN mynda hóp fyrirtækja og einstaklinga, sem hafa bundist samtökum um að eiga vöruskipti innbyrðis samkvæmt skipulögðu kerfi undir stjórn VN. Þessi hópur viðskiptaaðila VN er nefndur öðru nafni Vöruskiptanet VN í samþykktum þessum.

2.gr. Skiptikróna

Vöruskipti um VN eru kaup eða sala þar sem greitt er með færslu „skiptikróna“ (skammstafað skkr.) inn á vöruskiptareikning seljanda og út af vöruskiptareikningi kaupanda í vöruskiptabókhalda VN (einnig kallað Vörubanki VN). Verðeiningin í vöruskiptum milli viðskiptaaðila VN, færð í vöruskiptabókhalda VN, er „skiptikróna“. Ein skiptikróna er andvirði vöru eða þjónustu sem kostar eina íslenska krónu. Vörueignin viðskiptaaðila mæld í skiptikrónum gefur viðskiptaaðila rétt til að taka út vörur eða þjónustu fyrir sömu upphæð hjá öðrum viðskiptaaðilum VN, sem hafa vörureikning sinn opin.

Vörueignin eða skiptikrónur má aðeins nota í samræmi við samþykktir þessar. Inneign viðskiptaaðila skráð í vöruskiptabókhalda VN getur aldrei talist veðhæf eða verðbréf, hvorki af VN eða viðskiptaaðilum. Inneignin færst aðeins greidd með vöru- eða þjónustuúttekt frá öðrum viðskiptaaðilum VN. Vöru- eða þjónustuskripti eru nefnd einu nafni vöruskipti.

3.gr. Ábyrgð á skkr. í umferð / trygging inneigna

Samangæðar inneignir í Vöruskiptaneti VN eru jafnar samanlögðum skuldum. Viðskiptaaðilar sem skulda (vörukaup meiri en vörusala) á hverjum tíma eru sameiginlega ábyrgir gagnvart viðskiptaaðilum, sem eiga inneign (vörusala meiri en vörukaup). Vöruskipti um VN eru í raun eitt form lánsviðskipta og því fylgir einhver viðskiptaáhætta vöruskiptunum. Með tilvist tryggingasjóðs (sjá 5. gr.) minnkar þessi áhætta verulega. Viðskiptanetið hf. er eingöngu ábyrgt gagnvart eigin skuldum við Vöruskiptanet VN.

4.gr. Yfirdráttur / skiptikrónulán

Viðskiptaaðili heimilar VN að stýra magni skiptikróna í umferð þ.e. heildarvörueignin viðskiptaaðila og þar með heildarvöruskuld þeirra. Viðskiptaaðili veitir VN rétt til að lána einstökum viðskiptaaðilum skiptikrónur með skilyrðum og kjörum í samræmi við gildandi útlánareglur VN hverju sinni. Lánin veita viðskiptaaðilum heimild til kaupa á vörum og þjónustu af öðrum viðskiptaaðilum VN. Ákvarðanir um lánveitingar, kjör og framkvæmdatilhögun eru alfarið í höndum VN. VN leitast við að haga útlánun á þann veg að heildarhagsmunir séu sem best tryggðir með tilliti til áhættu og virkni Vöruskiptanets VN. Viðskiptaaðilar endurgreiða vöruskiptalán að jafnaði með því að láta öðrum viðskiptaaðilum í té vörur sínar og þjónustu. Fylgi viðskiptaaðili ekki útlánareglum VN eða öðrum skilmálum um vöruskiptanet VN getur VN krafist endurgreiðslu í formi peninga. VN er ekki skuldbundið til að veita viðskiptaaðilum lán.

5.gr. Tryggingasjóður Vöruskiptanets VN

Viðskiptaaðilar sem skulda Vöruskiptaneti VN (vörukaup meiri en vörusala) greiða 0,6% til 1,2% af upphæð skuldarinnar, án tillits til verðlagsbreytinga, í tryggingasjóð mánaðarlega (jafngildir 7,2% til 14,4% á ársgrundvelli). Kjörin fara eftir áhættumati og aðeins viðskiptaaðilar í skilum með fullnægjandi tryggingar ná bestu kjörum. Greiðsla í tryggingasjóð er í vöruskiptum og dregst af vörureikningi viðskiptaaðila mánaðarlega. Viðskiptaaðilar VN eiga tryggingasjóð sameiginlega. Viðskiptaaðili veitir VN heimild til að ráðstafa úr sjóðnum til að mæta töpuðum útlánun og til aðgerða sem stuðla að öryggi viðskipta í Vöruskiptaneti VN.

6.gr. Úttekt viðskiptaaðila

Vöru- eða þjónustuúttekt viðskiptaaðila hjá Vöruskiptaneti VN er takmörkuð við úttektarheimild á viðskiptareikningi hans. Verði skuld á viðskiptareikningi viðskiptaaðila vegna vöru- eða þjónustuúttektar umfram úttektarheimild er viðskiptaaðili skuldbundinn til að greiða mismuninn í formi

peninga og gjaldfellur sú skuld strax. VN er heimilt að innheimta „fit“ kostnað vegna allra úttekta umfram yfirdráttarheimild. Fit kostnaður greiðist með skkr. eða peningum í tryggingasjóð VN samkvæmt gildandi gjaldskrá VN.

7.gr. VN er vöruskiptamiðlun

Viðskipti milli viðskiptaaðila VN eiga sér stað á grundvelli frjálstra viðskipta. Viðskiptaaðilar VN eiga viðskipti sín á milli á eigin forsendum og sjálfviljugir, þó VN veiti aðilum þjónustu í formi upplýsinga um framboð og eftirspurn. VN tekur enga ábyrgð á gæðum, afhendingartíma né ábyrgðum á vöru og þjónustu viðskiptaaðila VN. Deilur um slíka hluti eru eingöngu milli kaupanda og seljanda og skulu leystar af þeim án afskipta VN. Viðskiptaaðilar VN skulu vera jafn nákvæmir og ástunda sömu kostgæfni í vöruskiptum eins og um greiðslu með peningum væri að ræða. VN starfar sem miðlari í vöruskiptum viðskiptaaðila. Viðskiptaaðilar VN ábyrgjast því skaðleysi VN gagnvart öllum kröfum sem upp kunna að koma í vöruskiptum hvort sem viðkomandi er kaupandi eða seljandi.

8.gr. Vörur og þjónusta í boði

VN skuldbindur sig til að vinna að öflun nýrra viðskiptaaðila, sem hafa á boðstólum vöru og þjónustu sem uppfyllir þarfir viðskiptaaðila VN. VN veitir upplýsingar um framboð vöru og þjónustu til að auðvelda viðskiptaaðilum vöruskipti. Vegna mikillar eftirspurnar og lítils framboðs getur framboð vöru eða þjónustu verið takmarkað. VN er einungis skuldbundið til að bjóða þær vörur og þjónustu sem fyrir hendi eru í Vöruskiptaneti VN hverju sinni.

9.gr. Skilgreining á viðskiptaaðila í skilum

Viðskiptaaðili sem stundar vöruskipti í samræmi við þessar samþykktir, á ekki eldri skuld við VN en 30 daga gamla og hefur gilt VN kort er viðskiptaaðili „í skilum“. Aðeins viðskiptaaðilar í skilum eiga rétt á þjónustu VN.

10.gr. Þjónustugjöld

Mánaðargjald er 1.040.- kr. án Vsk. með peningum og í vöruskiptum 1.040.- skkr. án Vsk. Mánaðargjöld leggjast á eftir að fyrirtæki hefur verið aðili að VN í 6 mánuði.

Færslugjald leggst á heildarupphæð (þ.e. vöruskipta- og peningahluta) viðskipta með vsk. Færslugjaldþrep er uppfært einu sinni í mánuði, við lok hvers uppgjörstímabils. Þrepjið ræðst af samanlagðri 12 mánaða sölu inn á VN reikning viðskiptaaðila. **Færslugjald reiknast bæði þegar keypt er í vöruskiptum og þegar selt er í vöruskiptum um VN.**

Færslugjald	12 mán. sala í þús. skkr.
4,00%	0 til 500
3,75%	501 til 1.500
3,25%	1.501 til 3.000
3,00%	> 3.000

Viðskiptaaðilar sem samþykka boðgreiðslusamning af kreditkortu eða beingreiðslusamning af bankareikningi fyrir greiðslu þjónustugjalda greiða 0,5% lægra færslugjald í öllum þrepum ef gjaldfærsla virkar. Á færslugjöld og önnur þjónustugjöld leggst virðisaukaskattur. Virðisaukaskatt þjónustugjalda VN fá rekstraraðilar endurgreiddan hjá ríkissjóði. Öll þjónustugjöld eru til greiðslu fyrir þjónustu sem felst í innsetningu viðskiptaaðila í bókhalds- og upplýsingakerfi VN, viðhaldi upplýsinga og færslu vöruskiptabókhalds viðskiptaaðila. Gjaldaupphæðir þjónustugjalda og árs söluviðmiðanir miðast við vísitölu neysliverðs í janúar 1997. VN er heimilt að breyta upphæðunum miðað við þennan vísitölugrunn.

11.gr. Greiðsla þjónustugjalda

Viðskiptaaðilar mega greiða 30% færslugjalda sinna í vöruskiptum. Skilyrði fyrir þessum kjörum eru að peningahlutinn greiðist fyrir eindaga og að inneign eða heimild sé fyrir vöruskiptunum á Vörubanka VN. Þjónustugjöld eru greidd mánaðarlega, fyrir tímabil frá 22. degi fyrri mánaðar til og með 21. dags uppgjörsmánaðar. Gjaldþagi þjónustugjalda er 1. dagur næsta mánaðar og eindagi þann 20. þess mánaðar. Hafi viðskiptaaðili ekki greitt þjónustugjöld sín 20. dag mánaðarins sætir hann 1,0% innheimtuálagi, sem reiknast af gjaldstofni færslugjalda uppgjörstímabilsins. Innheimtuálag er undantekningarlaust greitt með peningum. Viðskiptaaðilar greiða auk þess dráttarvexti eins og þeir eru ákveðnir af Seðlabanka Íslands á hverjum tíma af öllum vanskilum. VN áskilur sér rétt til að stöðva viðskipti um vörumiðlun VN, hafi viðskiptaaðili ekki greitt þjónustugjöld sín 30 dögum eftir

gjaldþaga. VN áskilur sér rétt til að draga af vörureikningi viðskiptaaðila fyrir peningaskuld hans í vanskilum. VN getur krafist fyrirframgreiðslu þjónustugjalda. Þjónustugjöld sem greiðast með vöruskiptum skv. samþykktum þessum dragast af vörureikningi viðskiptaaðila. VN áskilur sér rétt til að fela lögræðingi innheimtu vanskilaskulda og dráttarvaxta ásamt öllum áföllnum kostnaði.

12.gr. Verð í vöruskiptum

Viðskiptaaðili selur vöru og þjónustu á ríkjandi verði gegn inneign í formi vöru og þjónustu hjá öðrum viðskiptaaðilum VN. Öheimilt er að hækka verð á vöru eða þjónustu þegar hún er boðin í vöruskiptum. Vöruskiptaupphæð inniheldur virðisaukaskatt. Viðskipti skulu að jafnaði vera að fullu í vöruskiptum. Í sérstökum tilfellum geta viðskiptaaðilar samkvæmt skilmálum og reglum þar að lútandi, gert skriflegan samning við VN um að hluti sé greiddur í peningum og hluti í vöruskiptum.

13.gr. VN kortin

Viðskiptaaðili er ábyrgur fyrir öllum úttektum vegna notkunar á VN kortum hans og VN kortum undirreikninga hans. Glatist VN kort ber að tilkynna það til VN strax. Undirreikningar verða eingöngu stofnaðir með umboði þess sem undirritar samning þennan fyrir hönd viðskiptaaðila eða prókúruhafa á hverjum tíma. VN kort eru eign VN og skal þeim skilað sé þess óskað af VN.

14.gr. Greiðsluform í vöruskiptum

Við kaup í vöruskiptum er hægt að nota þrjár aðferðir við greiðslu:

- Nota VN kort sbr. gr. 15.
- Nota símaafgreiðslu sbr. gr. 16.
- Nota rafrænar posagreiðslur skv. samningi þar um.

15.gr. Vöruskiptin

Til að öðlast inneign við sölu þarf seljandi að:

- fá heimildarnúmer hjá VN áður en salan fer fram og færa í tilætlaðan reit á sölnuótú VN. Úttektarheimildarmörk VN korta eru samkvæmt heimildarreglum VN.
- skoða gildistíma VN korts kaupanda til að athuga hvort að það sé í gildi.
- fá undirskrift kaupanda á VN sölnuótú og senda afrit VN til VN innan 20 daga. Kanna þarf hvort rithöndin á kortinu sé sú sama og á sölnuótunni.
- Ganga úr skugga um að kort sé ekki á vákortalista VN.

Seljandi getur samið við VN um rafræna færsluskráningu og heimildarleit. Þá kaupir seljandi eða leigir POSA tæki sem VN hefur viðurkennt til notkunar við heimildarleit, skráningu og skil á vöruskiptafærslum. Um þennan vöruskiptamáta er gerður sérstakur samningur á milli VN og söluaðila þar sem nánar er kveðið á um réttindi og skyldur hvors samningsaðila.

VN áskilur sér rétt til að hafna heimildarnúmeragjöf og færslu viðskipta við neðangreindar aðstæður:

- Ef innistæða á vörureikningi kaupanda er ekki næg eða ef úttekt fer yfir yfirdráttarheimild.
- Ef annað hvort seljandi eða kaupandi eru ekki viðskiptaaðilar í skilum (sjá gr. 9).
- Ef seljandi hefur ekki fengið heimildarnúmer skv. heimildarreglum VN, þegar viðskiptin fóru fram.
- VN áskilur sér rétt til að hafna öllum færslum hvort sem leitað hefur verið heimildarnumers eða ekki ef afrit sölnuótú berst VN ekki innan 20 daga frá því að viðskipti áttu sér stað.

16.gr. Afgreiðsla án VN korts, símaafgreiðsla

Símaafgreiðsla eru vöruskipti sem eru afgreidd milli kaupanda og seljanda um síma. Seljandi þarf að fá heimildarnúmer fyrir **allar** símaafgreiðslur. Seljandi skal rita í prentstöfum í undirskriftarlínuna skammstöfunina SA og nafn þess aðila sem kaupir. Sala í gegnum POSA þar sem kortanúmer kaupanda er handslegið inn lýtur sömu reglum og símaafgreiðsla.

Sala til aðila án viðskiptakorts, til aðila sem notar kort annars eða sala með símaafgreiðslu eru alfarið á ábyrgð seljanda. Þó heimildarnúmer sé gefið í slíkum tilfellum er seljandi alfarið ábyrgur gagnvart því hvort viðkomandi er í raun viðskiptaaðili VN eða hafi umboð til að nota það VN kort sem gefið er upp. Þessi viðskipti eru á ábyrgð seljanda. Hafi korthafi athugasemdir fram að færa við færslu verður hann að gera VN viðvart um athugasemdir sína **innan 90 daga** frá póstsendingu þess viðskiptafyllris sem greinir frá

viðskiptunum að öðrum kosti teljast viðskiptin frágengin og samþykkt af báðum aðilum.
VN áskilur sér rétt til að bakhæra færslur þar sem síðar kemur í ljós að ekki var heimild fyrir færslunni eða samþykktir þessar hafa á einhvern hátt verið brotnar í viðskiptunum.

17.gr. Stærri verkefni eða viðskipti í vöruskiptum

Neðangreindar viðmiðanir eiga við um stærri verk í vöruskiptum og verk sem taka yfir langan tíma, svo sem verkþöku, langtíma þjónustuverk og þess háttar:

- Æskilegt er að kaupandi afli sér skriflegs tilboðs frá seljanda þar sem fram kemur hið minnsta greiðslumáti, verð og afhendingartími.
- Ef tryggingar eða fyrirframgreiðslu er krafist við venjulegar aðstæður ætti slíkt að gera einnig þegar um vöruskipti um VN er að ræða. Fyrirframgreiðslu er hægt að framkvæma með því að fylla út sölunótu VN og fá heimildarnúmer. Einnig má í samráði við VN færa upphæð inn á biðreikning sem VN greiðir út að uppfylltum ákvæðnum skilyrðum.

18.gr. Vöruskipti án aðildar VN

Vöruskipti milli viðskiptaaðila VN, án aðildar VN, í þeim tilgangi að komast hjá færslugjöldum eru óheimil. Ef þau eiga sér stað engu að síður áskilur VN sér rétt til gjaldfærslu færslugjalda í hæsta færslugjalda þrepi VN, hjá bæði seljanda og kaupanda vegna viðkomandi vöruskipta.

19.gr. Heimild til skuldajöfnunar

VN hefur heimild til að færa skkr. á milli vöruskiptareikninga sama viðskiptaaðila eigi hann einn eða fleiri vöruskiptareikninga með inneign og einn eða fleiri vöruskiptareikninga í skuld.

20.gr. Vöruskiptabókhalð og villur

Allir virkir viðskiptaaðilar VN geta fengið sent reikningsyfirlit mánaðarlega. Reikningsyfirlit viðskiptaaðila er álitð rétt nema VN sé gert viðvart um villur innan 20 daga frá póstsetningu yfirlitsins. Viðskiptaaðilar VN, sem hafa ekki fengið viðskiptayfirlit 10 dögum fyrir eindaga þjónustugjalda skulu hringja í VN og láta vita.

21.gr. Aukaskráningar

Viðskiptaaðilar geta skráð fleiri en eina starfsemi í vöru- og þjónustuskrá VN án aukagjalds á meðan eitt reikningsyfirlit dugar. Ef þörf er á aðskildum reikningsyfirlitum kostar viðbótarskráning hálfstofngjald, mánaðargjald er þá einnig innheimt samkvæmt gjaldskrá.

Kostnaður við stofnun undirreikninga með sjálfstæðum reikningsyfirlitum og mánaðargjöld slíkra reikninga greiðist samkvæmt gildandi gjaldskrá VN. Aðalreikningur ber ábyrgð á öllum úttektum af undirreikningi og greiðir öll gjöld tengd honum.

22.gr. Skráning fyrirtækja, „bein“ og „óbein“ viðskipti

Viðskiptaaðilar geta haft viðskipti sín í Vöruskiptaneti VN „bein“ eða „óbein“. Þegar viðskiptaaðili er skráður með „bein“ viðskipti heimil“ í upplýsingagögnunum VN gefur það til kynna að hann leyfir öðrum viðskiptaaðilum að koma beint til sín án afskipta VN og að hann er opin gagnvart vöruskiptum. Viðskiptaaðili í „beinum“ viðskiptum skuldbindur sig til að nota staðlað upplýsingefni VN, sem sýnir viðskiptavinum skráningu hans í VN. Ef viðskiptaaðili er skráður með „óbein“ viðskipti þurfa viðskiptaaðilar sem hafa áhuga á að versla við hann fyrst að hafa samband við VN til að kanna hvort vörureikningur hans er opin.

23.gr. Reikningur settur í bið

Viðskiptaaðili VN getur farið fram á að reikningur hans verði settur í bið (viðskipti stöðvuð) eða breytt skráningu sinni úr „bein viðskipti heimil“ í „óbein viðskipti“ ef:

- samþykktir lánaskilmálar kveða ekki á um annað,
- inneign á viðskiptareikningi hjá VN er amk. jafn há og hámark yfirdráttarheimildar var á vörubankareikningi viðkomandi undangengna 12 mánuði,
- viðskiptaaðilinn á ekki ógreitt vöruskiptalán.

Viðskiptaaðilar þurfa að biðja um slíkar breytingar skriflega með amk. 30 daga fyrirvara þannig að það megi tilkynna þær með viðeigandi hætti til annarra viðskiptaaðila VN. Fyrirtæki í „beinum“ viðskiptum verða að setja upp staðlaða tilkynningu, sem skýrir viðskiptavinum frá biðstöðunni.

24.gr. Uppsögn aðildar

Viðskiptaaðili VN eða VN getur sagt þessum samningi upp skriflega með 30 daga fyrirvara. Við uppsögn gjaldfalla öll þjónustugjöld VN og:

- Ef viðskiptaaðili skuldar Vöruskiptaneti VN (vörukaup meiri en vörusala) þarf hann að jafna viðskiptareikning sinn með vörusölu innan 30 daga. Ef viðskiptaaðili nær ekki að jafna reikninginn innan 30 daga þarf hann að greiða mismuninn strax með peningum.

- Ef viðskiptaaðili á vöruneign (vörusala meiri en vörukaup) þarf hann að nota inneign sína með kaupum á vörum og þjónustu, sem eru á boðstólum hjá öðrum viðskiptaaðilum VN. Færslugjöld vegna þessara vörukaupa þarf viðskiptaaðili að greiða fyrirfram. Mánaðargjöld eru innheimt meðan vöruneign er á viðskiptareikningi viðskiptaaðila.
- VN kortum viðskiptaaðila þarf að skila til VN strax og uppsagnarákvæðum hefur verið framfylgt.

Engin þjónustugjöld endurgreiðast við uppsögn. Samning þennan má ekki framselja og fellur hann úr gildi með sömu skilmálum og við uppsögn hætti viðskiptaaðili rekstri.

25.gr. Niðurfelling aðildar

VN hefur heimild til að setja reikning í biðstöðu eða fella þegar í stað niður VN aðild með skriflegri tilkynningu án 30 daga uppsagnarfrests ef:

- VN hefur fengið meira en tvær kvartanir vegna viðkomandi viðskiptaaðila, t.d. vegna tilraunar til að krefjast hærra verðs en þess sem er ríkjandi.
- Viðkomandi viðskiptaaðili hefur á einhvern hátt brotið, lög eða reglugerðir gagnvart VN eða viðskiptaaðila VN.
- Viðkomandi viðskiptaaðili krefst greiðslu í peningum af öðrum viðskiptaaðila VN umfram það sem gert er ráð fyrir í samningi við VN.
- Viðkomandi viðskiptaaðili framfylgir ekki samningi sínum við VN eða brýtur gegn samþykktum þessum.
- Viðkomandi viðskiptaaðili kemst í greiðsluþrot, s.s. ef gerð er hjá honum árangurslaus aðfarargerð.
- Meiriháttar breytingar verða á eignaraðild, rekstrarforsendum eða rekstrarumhverfi viðkomandi viðskiptaaðila.
- Viðkomandi viðskiptaaðili hefur gefið rangar upplýsingar eða haldið eftir upplýsingum sem máli skipta um fjárhagsstöðu sína eða annað sem máli skiptir varðandi fjármál hans eða feril s.s. að hann hafi orðið gjaldþrota eða viðurkennt greiðsluþrot við árangurslausa aðfarargerð á undanföllum 7 árum.

Við niðurfellingu aðildar hefur VN heimild til að skuldajafna öll þjónustugjöld við hugsanlega inneign viðskiptaaðilans á vörubankanum á öllum reikningum hans og á milli reikninga hans. Þá er VN heimilt að hafna öllum færslum sem ekki hafa verið færðar hjá VN og viðkomandi viðskiptaaðili er aðili að hvort heldur sem er sem seljandi eða kaupandi.

Engin þjónustugjöld endurgreiðast við niðurfellingu aðildar.

26.gr. Breyting á samningi eða þjónustugjöldum

VN áskilur sér rétt til breytinga á samþykktum þessum og þjónustugjöldum. Breytingar skal tilkynna viðskiptaaðila bréflaga. Mótmæli viðskiptaaðili fyrirhugaðri breytingu innan 30 daga frá dagsetningu bótsins er samningurinn í heild upp sagður frá og með gildistöku hins nýja ákvæðis. Varðveisla og/eða notkun VN kortsins jafngildir samþykki á samþykktum og viðskiptaskilmálum VN.

27.gr. Ábyrgðir

Einu ábyrgðir á vöru og þjónustu sem keyptar eru í gegnum VN eru þær ábyrgðir sem gefnar eru af seljanda. Kaupandi viðurkennir að ábyrgðir eru veittar af öðrum en VN. Kaupandi skal eingöngu leita til seljanda eða framleiðanda eftir ábyrgðum á vöru eða þjónustu.

28.gr. Auglýsingar

VN er heimilt að upplýsa aðra um VN aðild viðskiptaaðila og upplýsa um vöru- og þjónustuframboð hans í Vöruskiptum um VN. VN er heimilt að skrá viðskiptaaðila í Vöru- og þjónustuskrá VN og önnur upplýsingakerfi VN.

29.gr. Skuldbinding Viðskiptanetsins hf.

VN er eingöngu ábyrgt gagnvart skriflegum skuldbindingum stjórnarmanna eða framkvæmdastjóra VN. Aðrir starfsmenn VN sem hafa til þess sérstakt umboð framkvæmdastjóra mega undirrita staðlaða aðildarsamninga fyrir hönd VN.

30.gr. Lántökuréttur Viðskiptanetsins hf.

Viðskiptaaðili viðurkennir og veitir VN rétt til að taka að láni hjá vöruskiptaneti VN upphæð sem nemur tveggja ára veltu Viðskiptanetsins hf. og nota til kaupa á vörum og þjónustu af viðskiptaaðilum VN. Lán þetta þarf að tryggja með fullnægjandi hætti samkvæmt viðmiðunarreglum Alþjóðasamtaka vöruskiptamiðlana (International Reciprocal Trade Association).

31.gr. Ef VN hættir rekstri

Ef VN hættir rekstri af einhverjum orsökum skulu allir viðskiptaaðilar sem eiga vörureikninga í neikvæðri stöðu (vörukaup meiri en vörusala) jafna þá stöðu með peningagreiðslu í sjóð (ein skiptikróna jafngildi einni íslenskrí krónu). Sjóður þessi inniheldur þá summu allra innheimtanlegra skulda viðskiptaaðila að viðbætti inneign tryggingasjóðs (sjá gr. 5). Sjóðnum, að frádragnum kostnaði við umsýslu hans verður síðan miðlað til þeirra sem eiga inneignir á vörubankareikningum í réttu hlutfalli við inneignir þeirra. Verði afgangur vegna inneignar tryggingasjóðs verður honum deilt jafnt milli viðskiptaaðila VN. VN er ekki ábyrgt fyrir greiðslum til viðskiptaaðila umfram þá upphæð sem ofangreindur sjóður gefur.

32.gr. Fyrirsagnir

Fyrirsagnir í þessum samþykktum eru einungis til að auðvelda lestur þeirra en hafa ekki áhrif á túlkun eða gildi samningsákvæða.

33.gr. Samþykktir fyrnast ekki

Þó VN hafi um tíma ekki framfylgt ákvæðnum greinum eða ákvæðum þessara samþykktu fyrnast þau ekki og eru í gildi jafnt og önnur ákvæði.

34.gr. Íslensk lög

Viðskiptaaðilar skulu virða öll íslensk lög sem snerta þau viðskipti sem fara um vöruskiptabókhalð VN. Viðskiptaaðilar ábyrgjast skaðleysi VN ef þeir brjóta lög í viðskiptum sem fara um vöruskiptabókhalð VN. Viðskiptaaðilum er bent á að sala í skiptum fyrir vörur og þjónustu er skoðuð sem tekjur af skattfyrirvöldum og skal því talin fram sem tekjur á skattframtali.

35.gr. Gildi samningsákvæða

Ákvæði þessara samþykktu eru aðskiljanleg. Ef samningsákvæði er dæmt ólöglegt eða á annan hátt ónothæft hefur það ekki áhrif á önnur samningsákvæði og eru þau lögleg, í gildi og nothæf.

36.gr. Óviðráðanleg ytri atvik (Force majeure).

VN ber ekki ábyrgð á skaða sem orsakast af lagafyrirmælum, lögaldursákvæðum eða áþekkingu ákvæðum, styrjöld eða styrjaldarögnunum, uppþotum, borgaralegum óeirðum, ofbeldisverkum, skemmdarstarfsemi, náttúruhamförum, verkföllum, verkbönum, viðskiptabönum og hafnarbönum, að því tilskyldu að þau snerti hluta af starfsemi VN, svo fremi VN sé ekki sérstaklega tryggt gegn slíku.

37.gr. Málarekstur

Rísi mál út af samningi þessum má reka það fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

Í gildi frá 5. maí 2001



staður _____ dagsetning _____

Undirritaður hefur lesið og skilur allar 37. greinar þessara samþykktu og samþykkir þær með undirskrift sinni.

Viðskiptaaðili samþykkir einnig rétt VN til að breyta samþykktum þessum í samræmi við ákvæði 26. gr.

Með undirskrift sinni og opnun vörureiknings í Vöruskiptaneti VN ábyrgjast viðskiptaaðili og undirskriftaraðili persónulega eða framkvæmd vöruskipta um VN sé í hvívetna í samræmi við þessar samþykktir

_____ kennitala _____

Vottar að rétri dagsetningu og undirskrift:

_____ kennitala _____

_____ kennitala _____